

Bjargráðasjóður

Ársreikningur 2022

Bjargráðasjóður
Hlíðasmára 14
201 Kópavogi
kt. 460169-6669

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	3
Skýrsla stjórnar	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8
Sjóðstreymi	9
Skýringar.....	10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Bjargráðasjóðs

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2022, efnahag hans 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Bjargráðasjóði í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábendingarmálgrein

Án þess að gera um það fyrirvara í áritun okkar viljum við vekja athygli á skýringu 1 með ársreikningnum þar sem fjallað er um upptöku Bjargráðasjóðs á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Bjargráðasjóðs. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Garðabæ, 28. febrúar 2023

Endurskoðun og Ráðgjöf ehf.

Sindri Freyr Gíslason
Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hlutverk Bjargráðasjóðs skv. lögum nr. 49/2009 er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara, en þó fyrst og fremst á girðingum, túnnum, heyi og af völdum uppskerubrests í landbúnaði.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila.

Ný stjórn Bjargráðasjóðs var skipuð frá september 2022 til fjögurra ára, Sigurður Eypórsson, formaður, Guðrún Eik Skúladóttir og Jóhannes Sigfússon. Frá árinu 2018 skipuðu stjórnina þau Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, formaður, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Jóhannes Sigfússon.

Rekstur ársins 2022

Afkoma af rekstri sjóðsins á rekstrarárinu nam 15,7 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 233,8 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Fé Bjargráðasjóðs sem ekki hefur verið ráðstafað er í eignastýringu hjá Landsbankanum, samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

Umsýsla sjóðsins var flutt til Náttúruhamfaratryggingar Íslands (NTÍ) þann 1. mars 2022 en fyrstu tvo mánuði ársins var umsýsla sjóðsins í höndum Bændasamtaka Íslands. Samningurinn nær til þess að auk daglegs reksturs sjóðsins muni NTÍ á fyrstu 12 mánuðunum sjá um að innleiða tjonstilkynningakerfi sem heldur utan um tilkynningar frá upphafi til enda máls, flokka og skrá skjalasafn sjóðsins þannig að það sé tilbúið til afhendingar á Þjóðskjalasafn, útbúa skjalavistunaráætlun og eiga samskipti við Þjóðskjalasafn um samþykkt hennar. Þá er NTÍ jafnframt falið að útbúa skriflega verkferla fyrir meðferð mála og daglegan rekstur sjóðsins og gera tillögur til stjórnar um endurbætur á núverandi reglum eftir því sem við á.

Samningur var gerður um verkefnið og nemur greiðsla skv. honum 15 milljónum króna fyrir fyrsta árið en ríflega 3,5 milljónir eftir það. Að auki er greitt sérstaklega fyrir umfangsmikil verkefni sem umsýsluaðila kunna að verða falin af hálfu stjórnar, s.s. vegna mats á tjónum í tengslum við styrkveitingar.

Styrkgreiðslur á árinu 2022

Á árinu 2021 varð stórtjón vegna skriðufalla í Út-Kinn í Þingeyjarsýslu. Bjargráðasjóði var falið að annast umsýslu og útgreiðslur styrkja vegna þess atburðar. Samtals hafa borist framlög að fjárhæð 60 milljónir frá Matvælaráðuneytinu á árinu 2022 vegna tjónsins og samþykki liggur fyrir vegna 30 milljóna til viðbótar, ef þörf krefur. Búið er að ráðstafa tæplega helmingi af innkomnum framlögum í árslok 2022. Stjórn sjóðsins hefur samþykkt að veita styrki til tíu aðila vegna nokkuð umfangsmikils girðingartjóns á Suðurlandi í byrjun árs 2022. Samtals eru samþykktir styrkir vegna þeirra um 12,6 milljónir, en tvö tilvik til viðbótar eru nú til skoðunar. Nokkur stök mál hafa einnig komið til afgreiðslu stjórnar og hefur stjórn samþykkt styrki vegna þeirra eftir atvikum og í samræmi við starfsreglur.

Breytingar á reikningsskilastöðlum

Á árinu 2022 varð sú breyting á flokkun Bjargráðasjóðs sem ríkisstofnunar að hún hefur verið færð í A-hluta ríkisreiknings og því er gerð krafa til þess að reikningsskilin séu í samræmi við IPSAS reikningsskilastaðla eins og aðrar ríkisstofnanir. Þetta er því fyrsti ársreikningurinn sem gefinn er út í samræmi við IPSAS reikningsskilastaðlana.

Skýrsla stjórnar frh.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2022, efnahag 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila.

Stjórn Bjargráðasjóðs staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Kópavogi, 28. febrúar 2023

Stjórn:

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs.....	2	64.515.635	8.300.000
Rekstrartekjur alls		64.515.635	8.300.000
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur.....		935.742	3.055.206
Vaxtagjöld.....		(1.645)	(666)
Fjármagnstekjuskattur.....		(205.816)	(2.246.885)
Gangvirðisbreyting verðbréfa.....	7	726.949	2.677.566
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) alls		1.455.230	3.485.221
Samtals		65.970.865	11.785.221
Styrkveitingar			
Tjónabætur - Almenn deild.....	3	29.996.215	1.074.218
Styrkveitingar alls		29.996.215	1.074.218
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	5	1.373.284	1.118.892
Annar rekstrarkostnaður.....		18.917.696	2.900.112
Rekstrargjöld alls		20.290.980	4.019.004
Samtals		50.287.195	5.093.222
Afkoma ársins		<u>15.683.670</u>	<u>6.691.999</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr	2022	2021	1.1.2021
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Skuldabréfasjóður hjá Landsbanka Íslands	7	202.313.730	201.957.999	199.280.433
Áhættufjármunir og langtímakröfur alls		<u>202.313.730</u>	<u>201.957.999</u>	<u>199.280.433</u>
Veltufjármunir				
Viðskiptakröfur - Ríkissjóður Íslands		30.000.000	0	445.882.348
Handbært fé	4	35.588.920	24.309.725	10.410.569
Veltufjármunir alls		<u>65.588.920</u>	<u>24.309.725</u>	<u>456.292.917</u>
Eignir samtals		<u><u>267.902.650</u></u>	<u><u>226.267.724</u></u>	<u><u>655.573.350</u></u>
Eigið fé og skuldir	Skýr	2022	2021	1.1.2021
Eigið fé				
Eigið fé frá fyrra ári	6	218.087.398	211.395.399	198.441.517
Framlög umfram ráðstöfun ársins		15.683.670	6.691.999	12.953.882
Eigið fé alls		<u>233.771.068</u>	<u>218.087.398</u>	<u>211.395.399</u>
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir		110.484	1.136	2.215.880
Ríkissjóður Íslands		0	8.179.190	0
Ógreiddar tjónabætur		33.784.365	0	441.962.071
Ógreidd laun og launatengd gjöld		236.733	0	0
Skammtímaskuldir alls		<u>34.131.582</u>	<u>8.180.326</u>	<u>444.177.951</u>
Skuldir samtals		<u>34.131.582</u>	<u>8.180.326</u>	<u>444.177.951</u>
Eigið fé og skuldbindingar samtals		<u><u>267.902.650</u></u>	<u><u>226.267.724</u></u>	<u><u>655.573.350</u></u>

Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins		15.683.670	6.691.999
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Gangvirðisbreyting verðbréfa		(726.949)	(2.677.566)
Áhrif umsýsluþóknunar á gangvirði verðbréfa		371.218	0
		<u>15.327.939</u>	<u>4.014.433</u>
Hreint veltufé frá rekstri			
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		<u>(30.000.000)</u>	<u>445.882.348</u>
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>25.951.256</u>	<u>(435.997.625)</u>
		<u>(4.048.744)</u>	<u>9.884.723</u>
	Handbært fé frá rekstri	<u>11.279.195</u>	<u>13.899.156</u>
Breyting á handbæru fé		11.279.195	13.899.156
Handbært fé í byrjun tímabils		<u>24.309.725</u>	<u>10.410.569</u>
Handbært fé í árslok	4	<u><u>35.588.920</u></u>	<u><u>24.309.725</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum en verðbréf eru færð á gangvirði í árslok. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og upphæðir settar fram í heilum krónum. Ársreikningur sjóðsins árið 2021 var gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar fyrir opinbera aðila voru teknir upp af sjóðnum frá og með 1.1.2022. Samanburðartölur hafa verið leiðréttar þar sem það á við og skýringar settar fram svo reikningsskilin séu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila.

2. Rekstrartekjur

Framlög frá Ríkissjóði eru metin á gangvirði móttækis endurgjalds. Framlög eru aðeins færð til tekna að svo miklu leyti sem framlögin tengjast ekki beint skuldbindingum sem nú þegar hafa myndast vegna samþykkrta styrkveitinga.

3. Tjónabætur

Tjónabætur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær hafa verið samþykktar af stjórn sjóðsins og greiðslur vegna þeirra hafa verið inntar af hendi.

4. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun	1.165.000	945.000
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	208.284	173.892
	<u>1.373.284</u>	<u>1.118.892</u>

Fjöldi ársverka á árinu var 0,1 sama og á fyrra ári. Öll laun ársins eru til stjórnar.

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum 2021

	Eigið fé	Samtals
Staða 1.1	211.395.399	211.395.399
Framlög umfram ráðstöfun ársins	6.691.999	6.691.999
Staða 31.12	<u>218.087.398</u>	<u>218.087.398</u>

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum 2022

	Eigið fé	Samtals
Staða 1.1	218.087.398	218.087.398
Framlög umfram ráðstöfun ársins	15.683.670	15.683.670
Staða 31.12	<u>233.771.068</u>	<u>233.771.068</u>

Skýringar

7. Áhættufjármunir og langtímakröfur

Verðbréfaeign og eign í verðbréfasjóðum er færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í árslok. Gangvirðisbreyting verðbréfa er flokkuð undir sér lið í rekstrarreikningi ársins 2022 en var flokkuð með vaxtatekjum í ársreikningi 2021. Talið er að þessi breyting gefi skýrari mynd af rekstri sjóðsins. Gangvirðisbreyting verðbréfa fyrra árs var 2,7 m.kr.

Gangvirðisútreikningar á verðbréfaeign miðast við fyrsta stig sbr. IPSAS 30. Notuð eru verð á virkum mörkuðum til mats á gangvirði verðbréfaeignarinnar.

Áhættufjármunir og langtímakröfur greinast þannig:	2022	2021
Staða 1.1.	201.957.999	199.280.433
Gangvirðisbreyting ársins í gegnum rekstur	726.949	2.677.566
Áhrif umsýsluþóknunar á gangvirði	(371.218)	0
Staða 31.12.	<u>202.313.730</u>	<u>201.957.999</u>

8. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á vöxtum hafi áhrif á afkomu sjóðsins og virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markaðsáhætta í fjárfestingum er takmörkuð með fjárfestingarstefnu.

9. Önnur mál

Náttúruhamfaratrygging Íslands hefur umsjón með rekstri sjóðsins í umboði stjórnarinnar. Báðir aðilar hafa undirritað samning þess efnis og hann hefur verið staðfestur af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Umsjón NTÍ með rekstri sjóðsins hófst á árinu 2022.